



Einar Valur Ingimundarson  
Fjölnisvegi 5  
101 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. júní 2020  
Tilvísun: 2020050399/25.10

### **Efni: Umgengni á lóð Fjölnisvegar 5 - ítrekun**

Vísað er til fyrri bréfa Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi slæma umgengni á lóð Fjölnisvegar 5, það síðasta dagsett þann 28. maí s.l. Í dag, 10. júní komu fulltrúar frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur í eftirfylgniferð til að kanna hvort að úrbætur hafi verið gerðar á ástandi lóðar. Ekki var að sjá að úrbætur hafi verið gerðar. Á lóðinni var enn að finna m.a. byggingarárgang, matarárgang, heimilissorp og ýmsan lauslegan árgang. Myndir voru teknar til staðfesting. Meðfylgjandi er skýrsla frá eftirfylgniferðinni í dag (10. júní), eins og hún var skráð í skjalaskrárkerfi Heilbrigðiseftirlitsins og afrit af myndum sem teknar voru í eftirlitinu.

Í 18. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti segir að eigandi eða umráðamaður húss eða mannvirkis skal halda eigninni hreinni og snyrtilegri ásamt tilheyrandi lóð og girðingum, þannig að ekki valdi öðrum ónæði. Ekki má haga hreinsun húsa, húshluta og húsmuna þannig að leitt geti til óþrifnaðar eða ónæðis fyrir aðra.

Skv. gr. 11 í reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun árgangs er bannað að skilja eftir, flytja, dreifa eða geyma árgang á þann hátt að valdið geti skaða, mengun eða lýtum á umhverfinu. Þetta gildir jafnt um stærri sem smærri hluti. Í gr. 16 í sömu reglugerð segir enn fremur að umráðamönnum lóða sé skyld að halda þeim hreinum og snyrtilegum.

**Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer fram á tafarlausa bætta umgengni á lóðinni svo að ekki þurfi að koma til frekari aðgerða. Hreinsa skal allan matarárgang, heimilissorp og lauslegan árgang af lóðinni undir eins. Ef matarárgangur, heimilissorp og lauslegur árgangur hefur ekki verið fjarlægður af lóðinni fyrir 24. júní nk. fyrirhugar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að leita eftir samþykki heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir hreinsun lóðar á kostnað eiganda. Samþykkis nefndarinnar yrði leitað á næsta fundi sem verður haldinn 24. júní næst komandi.**

Í 61. gr.laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir segir að þegar aðili sinnir ekki fyrirmælum innan tiltekins frests getur heilbrigðisnefnd ákveðið honum dagsektir þar til úr er bætt. Dagsektir geta numið allt að 500.000 kr. á dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal m.a. höfð hliðsjón af alvarleika brotsins, hvað það hefur staðið lengi og hvort um ítrekað brot er að ræða. Jafnframt er heilbrigðisnefnd heimilt að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef fyrirmæli um framkvæmd eru vanrækt og skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða af viðkomandi heilbrigðiseftirliti en innheimtast síðar hjá hlutaðeigandi.

Þegar verk það sem heilbrigðisnefnd lætur vinna er komið til vegna vanhirðu og óþrifa eða heilsuspílandi aðstæðna í húsi, á lóð eða í farartæki er kostnaður tryggður með lögveðsrétti í viðkomandi húsi, lóð eða farartæki tvö ár eftir að greiðslu er krafist.



Ákvarðanir Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda um dagsektir og kostnað eru aðfararhæfar. Gjalddagi sektar samkvæmt þessari grein er fyrsti dagur annars mánaðar eftir dagsetningu ákvörðunar Umhverfisstofnunar eða heilbrigðisnefndar. Greiða skal dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar sé hún ógreidd fimmtán dögum eftir gjalddaga. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Óinnheimtar dagsektir, sem lagðar eru á fram að efndadegi, falla ekki niður eftir gjalddaga þótt aðili efni viðkomandi kröfu nema Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd ákveði það sérstaklega. Sektir sem Umhverfisstofnun leggur á samkvæmt þessari grein að frádregnum kostnaði við innheimtu renna í ríkissjóð og sektir sem heilbrigðisnefndir leggja á að frádregnum kostnaði við innheimtu renna til rekstraraðila heilbrigðiseftirlits.

Ef þér hafið einhverjar athugasemdir eða andmæli fram að færa við efni þessa bréfs óskast þær sendar skriflega til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík innan tveggja vikna frá dagsetningu þess.

Virðingarfallst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Helgi Guðjónsson  
heilbrigðisfulltrúi

Guðjón Ingi Eggertsson  
heilbrigðisfulltrúi

Samhljóða samrit móttekið:

Einar Valur Ingimundarson

Meðfylgjandi:

Eftirlitsskýrsla frá 10. júní 2020 og afrit af myndum teknum í eftirlitinu.



Umhverfis- og heilbrigðisráð/heilbrigðisnefnd Reykjavíkur  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. júní 2020  
Tilvísun: 2020050399/25.10

**Efni: Hreinsun lóðar við Fjölnisvegi 5 á kostnað eiganda.**

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur frá því 6. maí 2020 haft til meðferðar mál vegna slæmrar umgengni um lóð við Fjölnisveg 5. Sambærileg mál vegna sömu lóðar hafa ítrekað borist HER á síðustu árum. Á lóðinni er m.a. talsvert magn matarleifa sem skemmast og laða að meindýr, margs konar plastítlát, bíldekk, gömul dagblöð, ryðgað reiðhjól og ílát með drykkjarföngum. Ítrekuðum fyrirmælum um hreinsun lóðar og bætta umgengni hefur ekki verið sinnt.

Í ljósi ofangreinds óskar Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur eftir því að heilbrigðisnefnd Reykjavíkur samþykki að lóðin við Fjölnisveg 5 verði hreinsuð á kostnað eiganda sbr. 61. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 17. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfallst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Guðjón Ingí Eggertsson  
heilbrigðisfulltrúi